
Breyting á rekstri Kratusar á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 28. júlí 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf um fyrirhugaðar breytingar á rekstri Kratusar á Grundartanga samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 27. ágúst 2015.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 28. ágúst 2015.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. ágúst 2015.

Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ ráðgjöf með tölvupósti dags. 1. september 2015.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð sé breyting á rekstri Kratusar ehf. á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, sem felist í yfirtöku á gjallvinnslu sem Alur álvinnsla hf. hafi verið með fyrir Norðurál í Helguvík. Kratus hafi fram að þessu unnið áhlleifa úr álgjalli frá álveri Rio Tinto Alcan. Við núverandi vinnslu Kratusar, sem sé um 3.000 tonn bætist 2.600 tonn af gjalli frá Norðuráli. Með breytingunni fari vinnslan í um 5.500-6.000 tonn og rúmist innan núverandi starfsleyfis Kratusar, en samkvæmt því sé heimild fyrir 15.000 tonna vinnslu.

Fram kemur að sá framleiðsluferill sem Alur álvinnsla hafi notað verði óbreyttur fyrir vinnslu gjallsins á Grundartanga og verði búnaðurinn sem Alur hafi notað í Helguvík fluttur upp á Grundartanga og núverandi ofni Kratusar skipt út fyrir ofn Als. Vinnsluferill Als feli ekki í sér íblöndun (flúx), líkt og verið hafi í vinnslu Kratusar en í því ferli falli til gjallsandur, en ekki saltkaka líkt og við núverandi framleiðslu Kratusar. Frá fyrirhugaðri starfsemi Kratusar muni því falla til 1.500 tonn af gjallsandi, til viðbótar við þau 1.500 tonn af saltköku sem seld verði til endurvinnslu erlendis.

Fram kemur að gjallsandinum verði ekið jafnóðum til Helguvíkur og hann hlutleystur í skolgryfju líkt og gert sé í dag. Áætlað sé að það séu um 60 ferðir á ári. Nauðsynlegt sé að skola gjallsandinn í þar til gerðri skolgryfju áður en hann verði urðaður.

Fram kemur að skolaður gjallsandur teljist til úrgangs frá álvinnslu og hafi Norðurál heimild til að setja slíkan úrgang í flæðigryfju á Grundartanga. Norðurál sem kaupandi áhlleifa frá Kratusi taki því þennan hluta úrgangsins aftur til sín. Unnið sé að því að fá leyfi fyrir skolgryfju á Grundartanga, en meðan það leyfi liggi ekki fyrir sé stefnt að því að nota skolgryfjuna í Helguvík, sem sé með öll tilskilin leyfi.



Fram kemur að breyting á starfseminni felist því fyrst og fremst í framleiðsluaukningu Kratusar og að meðhöndlaður gjallsandur verði urðaður í flæðigryfju Norðuráls. Engar breytingar verði á mannvirkjum eða húsnæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskar eftir ítarlegri upplýsingum um fyrirhugaðan flutning skolgryfju frá Helguvík að Grundartanga. Hvers eðlis flutningurinn sé og hvað hann kunni að hafa í för með sér.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tilefni matsskyldufyrirspurnarinnar sem hér um ræði sé förgun skolaðs gjallsands í flæðigryfju á Grundartanga. Þegar þar að kemur að aðstæður leyfi gerð og rekstur skolgryfju á Grundartanga verði farið með málið í þann farveg sem lög og reglur segi til um.

Geymsla hráefna og afurða. Umhverfisstofnun bendir á að gera hefði mátt grein fyrir móttöku og geymslu hráefna í núverandi geymsluhúsi eða á athafnasvæði Kratusar. Núverandi aðstaða til geymslu hráefna og framleiðslu sé að mati Umhverfisstofnunar ófullnægjandi. Miðað við núverandi framleiðslu Kratusar sé geymsluhúsnæði á athafnasvæðinu ekki nægilega stórt til að rúma hráefni og framleiðsluúrgang. Umhverfisstofnun hafi því veitt tímabundið leyfi til geymslu á saltköku að Vogatungu í Hvalfjarðarsveit þar til viðbyggingu á geymsluhúsnæði á lóð hafi verið lokið. Umhverfisstofnun hafi jafnframt heimilað geymslu í lokuðum gámum á lóð Kratusar til bráðabirgða. Umhverfisstofnun telur að taka þurfi á þessum málum í starfsleyfi og breytingar á framleiðslu Kratusar kalli á nýtt starfsleyfi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eðlilegt sé að breytingar á starfsleyfi fari fram samfara breytingum á starfsemi. Breytingar á starfsleyfi séu í höndum Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á rekstri Kratusar ehf. á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit sem felst í yfirtöku á gjallvinnslu sem Alur álvinnsla hf. hefur verið með í Helguvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tók þann 24. júní 2010 ákvörðun um að endurvinnsla á álgjalli á Grundartanga, væri ekki matskyld framkvæmd. Sú ákvörðun gerði ráð fyrir endurvinnslu á 15.000 tonnum og að starfsemin væri hýst í 2.000 – 2.500 m² húsum á lóð innan iðnaðarsvæði á Grundartanga.

Skipulagsstofnun telur að áhrif af völdum breytinga á rekstri Kratusar ehf. á Grundartanga séu óveruleg þar um umfang vinnslunnar er vel innan þeirra 15.000 tonna vinnslu sem núgildandi starfsleyfi Kratusar ehf. heimilar. Til að byrja með er ráðgert að hreinsa gjallsand sem nú mun auki falla til við vinnsluna til útskolunar í skolgryfju í Helguvík. Það felur í sér



enn frekari flutning til og frá svæðinu en hlýst af núverandi starfsemi. Að öðru leyti mun starfsemi Kratusar ehf. verða óbreytt.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að stefnt sé að því að lágmarka flutninga um langan veg og færsla skolgryfju frá Helguvík til Grundartanga stuðlar að því. Skipulagsstofnun bendir hins vegar á að þar sem Kratus ehf. hefur í máli þessu ekki gert grein fyrir áhrifum þess að leggja af skolgryfju í Helguvík og starfrækja sambærilega gryfju á Grundartanga þá þarf þegar að því kemur að kanna matsskyldu slíkra breytinga sérstaklega.

Þá kemur fram að breytingin hafi ekki í för með sér neinar breytingar á mannvirkjum utan þess að skipt verður um ofn. Hins vegar hefur komið fram í umsögn Umhverfisstofnunar að móttaka og geymsla hráefna og afurða hafi verið ófullnægjandi miðað við núverandi starfsemi og geymslur séu til bráðabirgða í lokuðum gámum á meðan unnið er að viðbyggingu á geymsluhúsnæði.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa athugsemda að Umhverfisstofnun verði að beita þeim úrræðum sem hún hefur sem eftirlitsaðili, til að fá framgengt kröfum sínum um fullnægjandi ráðstafanir til að bæta úr móttöku og geymslu hráefna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kratusar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Kratusar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar starfsemi Kratusar ehf., séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því sem segir í umsögn Umhverfisstofnunar að fyrirhuguð breyting er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Tryggt þarf að vera að áður en breytingar verða gerðar á starfsleyfi Kratusar ehf. sé öruggt að starfsemin sé í samræmi við útgefið byggingarleyfi og skipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kratus ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2015.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

